Hafnarfjörður

Breyting á deiliskipulagi

## „Suðurgata – Hamarsbraut – deiliskipulag“

samþ. Í Bæjarstjórn 9.2.2011

Breytingin felst í því að kaflanum Húsagerðir í greinargerð skilmála „Suðurgata – Hamarsbraut“ er breytt er varðar fjölgun íbúða í þegar byggðum húsum á svæðinu og uppfærður er texti er varðar umsagnarskyldu eldri mannvirkja.

**Skilmálatexti fyrir breytingu:**

**Húsagerðir:** Húsagerðir skulu vera óbreyttar og í samræmi við byggingarleyfisuppdrætti sjá þó skilmála um viðbyggingar og skilmála fyrir einstaka lóðir.

**Ekki er heimilt að fjölga íbúðum í þegar byggðum húsum á svæðinu.**

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að byggja megi við eldri hús í hverfinu þar sem það er mögulegt þó þannig að nýtingarhlutfall á einbýlishúsalóðum fari ekki yfir 0,45 og á fjölbýlishúsalóðum yfir 0,65 með þeim undantekningum sem koma fram í skilmálum fyrir einstaka lóðir.

Leitast skal við að gera ráð fyrir bílastæðum innan lóðar og bílgeymslu þar sem það er mögulegt.

**Við stækkun á húsum sem eru byggð fyrir 1918 og húsinu að Suðurgötu 66 skal leita álits Byggðasafns Hafnarfjarðar og Húsafriðunarnefndar áður en sótt er um byggingarleyfi.**

**Skilmálatexti eftir breytingu:**

**Húsagerðir:** Húsagerðir skulu vera óbreyttar og í samræmi við byggingarleyfisuppdrætti sjá þó skilmála um viðbyggingar og skilmála fyrir einstaka lóðir.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að byggja megi við eldri hús í hverfinu þar sem það er mögulegt þó þannig að nýtingarhlutfall á einbýlishúsalóðum fari ekki yfir 0,45 og á fjölbýlishúsalóðum yfir 0,65 með þeim undantekningum sem koma fram í skilmálum fyrir einstaka lóðir.

Leitast skal við að gera ráð fyrir bílastæðum innan lóðar og bílgeymslu þar sem það er mögulegt.

**Við breytingar á eldri húsum er skylt að fara eftir ákvæðum Laga um menningarminjar er varðar umsagnarskyldu mannvirkja, sérstaklega er bent er á mgr. 29 og 30.**

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar

þann 27.09. 2023 og á afgreiðsluf. skip- og byggingarfulltrúa

þann 29.11. 2023.

Tillagan var auglýst frá 5.10. 2023 með athugasemdafresti til 16.11 2023.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 13.12. 2023

Helga Grétarsdóttir

Skipulagsfulltrúi

Hafnarfjarðarbær
Skipulagsfulltrúi

**Hafnarfjarðarbær** I Strandgötu 6 I 220 Hafnarfjörður I Sími 585 5500
Kennitala 590169-7579 I hafnarfjordur@hafnarfjordur.is

hafnarfjordur.is